



Gjaldeyrismarkaðurinn


Mánaðarlegt yfirlit

7. ágúst 2019


- Íslenska krónan stóð nokkurn veginn í stað á móti evru frá miðjum júní fram í miðjan júlímánuð og viðskipti voru afar lítil.
- Um miðjan júlí tók krónan að styrkjast og fór evru/krónu krossinn lægst í 134,55 í lok mánaðarins eftir að hafa farið hæst í 141,8 um miðjan júlí.
- Veltan á gjaldeyrismarkaði í júlí var svipuð og í júní. Nær öll veltan í júlí var á seinni helmingi mánaðarins.
- Seðlabankinn keypti 3 milljónir evra á móti styrkingunni á seinni helmingi mánaðarins þann 24. júlí en hefur að öðru leyti haldið sig á hliðarlínunni.
- Raungengi miðað við verðlag var 10,1% lægra í júní en sama mánuð fyrir ári. Nafngengið var 11,6% veikara.
- Um 231 þúsund erlendir gestir fóru um Leifstöð í júlí, sem er fækkun um 17% miðað við sama mánuð í fyrra. Fjöldinn var svipaður og í júlí 2016. Þetta er þriðji mánuðurinn í röð sem fjöldinn er svipaður og samsvarandi mánuði árið 2016.

	6.8.2019	YTD	1M	3M	12M
GVT	178,6	2,7%	-4,3%	-0,8%	10,3%
EUR	136,4	2,5%	-3,7%	0,2%	10,3%
USD	121,7	4,9%	-3,5%	0,2%	13,7%
GBP	148,1	0,0%	-6,2%	-6,9%	6,9%
DKK	18,3	2,5%	-3,7%	0,2%	10,1%
NOK	13,7	1,8%	-6,6%	-1,9%	5,4%
SEK	12,7	-3,1%	-4,9%	-0,1%	6,0%
CHF	124,6	5,5%	-2,0%	4,5%	16,1%
JPY	1,14	8,0%	-1,7%	4,3%	19,0%

Heimild: Thomson Reuter Eikon




Lægsta, hæsta og lok dags gild. Síðasta dags. 6.8.2019
Heimild: Thomson Reuters Eikon




Síðasta dags. 6.8.2019
Heimild: Thomson Reuters Eikon




Þrátt fyrir að hafa styrkst nokkuð í júlí hefur krónan veikst frá áramótum.




Veltan á gjaldeyrismarkaði í júlí var svipuð og í júní. Nær öll veltan í júlí var á seinni helmingi mánaðarins.




Eftir að hafa hreyfst lítið frá miðjum júní, styrktist krónan á seinni helmingi mánaðarins.




Seðlabankinn greip einu sinni inn á markaðinn í júlí, en 24. júlí keypti hann 3 m.evrur.



Flöktið á íslensku krónunni gagnvart evru jókst aftur í júlí.




Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mælt á föstu gengi, drógust saman um 6,7 ma.kr. (2,5%) í júní.






Um 231 þúsund erlendir gestir fóru um Leifsstöð í júlí. Það er svipaður fjöldi og í júlí 2016.




Heimild: Ferðamálastofa

Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 17% milli ára í júlí.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. júlí 2019
Heimild: Ferðamálastofa

Án skipa og flugvéla var 19,5 ma.kr. halli á vöruiðskiptum við útlönd í júní, og 57,4 ma.kr. halli á fyrst 6M 2019.




Seinasta dags. júní 2019
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var jákvæður um 7,2 ma.kr. í júní.




Seinasta dags. júní 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raugengið í júní var 10,2% lægra en í sama mánuði árið áður. Nafngengið var 11,6% veikara.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. júní 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands


Breytingin á raugenginu skýrist aðallega af nafngengisbreytingu.



Meðaltal mánaðar, síðasta dags. júní 2019
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands




Langtíma vaxtamunur gagnvart evru er nú svipaður og skammtíma vaxtamunurinn.



Síðasta dags. 5.8.2019
Heimild: Thomson Reuters Eikon

Vergur forði jókst um 74 ma.kr. í júní eftir að ríkissjóður gaf út nýtt skuldabréf í evrum. Engin breyting var á óskuldsetta forðanum.



*) Gjaldyrisforði að frádrögnum heildarskuldum Sí og ríkissjóðs í erlendum gjaldmiðlum.

Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 30.6.2019
Heimild: Seðlabanki Íslands, Lánamál ríkisins

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.